

Starfshópur um jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar

*Fundargerð starfshópsins, frá fundi í fundarsal bæjarráðs Hafnarfjarðarbæjar
2ö. apríl 2016 og hófst kl. 17:15.*

Fundinn sátu: Guðlaug Kristjánsdóttir, Kristinn Andersen og Berglind G. Bergþórsdóttir.

Vinna frá síðasta fundi

- Fyrir lágu drög að nýrri jafnréttisstefnu sem formaður og mannauðsstjóri höfðu unnið að milli funda.

Umræður á fundinum

- Inngangsmálgrein þarf að vera til staðar um hver gerir hvað og hver ber ábyrgð á framkvæmd. Berglind mun skoða hvernig þessu er komið fyrir núna, t.d. eru jafnréttisfulltrúar fyrir hendi o.s.frv.
- Umræður um vægi mannréttinda annars vegar og jafnréttis hins vegar í stefnunni. Mikilvægt er að hvoru tveggja séu gerð skil.
- Bæjarráð fer með yfirumsjón jafnréttismála og skerpa þarf á því hlutverki. T.d. megi taka upp veitingu viðurkenninga, styrkja og gera þannig málaflokkinn sýnilegri með öðrum hætti.
- Horft sé til jafnréttissjónarmiða við gerð fjárhagsáætlunar og í öðrum verkefnum bæjarfélagsins.
- Þjónusta við ungt fólk – sjá til þess að svæði og hús bjóði aðstöðu sem hentar báðum kynjum og áhugasviðum þeirra.
- Senda til bæjarráðs greinargerð um hvað hefur verið gert og hver staðan á vinnunni er og tillögur um næstu skref:
 - Taka saman greinargerð um hvað hefur verið gert.
 - Drög að stefnu, einfölduð og samræmd, miðað að framsetningu á PDF formi sbr. Kópavog. Þarf að prófarkalesa.
 - Leggja til við bæjarráð, sem er jafnréttisráð Hfj. að það skerpi á hlutverki sínu sem slíkt. Miðað við ákvæði um eftirfylgni í eldri stefnu, hefur hún verið virk?
 - Ath ferli við fjárhagsáætlunargerð, efla áfram kynjaða fjárhagsáætlun og huga sérstaklega að jafnréttismálum í undirbúningi fjárhagsáætlunarinnar, sbr ákvæði fyrir stefnu.
 - Leggja til að teknað verði upp viðurkenningar og jafnvel styrkir í jafnréttis- og mannréttindamálum. Ef samþykkt, þá bæta inn í stefnuna.
 - Kynjabókhalda verði eftir og gert sýnilegra.
 - Leggja til að hlutverk í eftirfylgni (jafnréttisfulltrúar...) verði endurskoðað í samræmi við ábendingar frá Sambandi sveitarfélaga (fyrirlestur) sbr Berglind og Kristján...
 - Bera undir bæjarráð að breyta yfirskrift í „jafnréttis- og mannréttindastefna“ og einfalda framsetningu stefnunnar samfara aðgreiningu í tvö skjöl (stefnu og jafnréttisáætlun). Tímabundin verkefni í áætlun, stefnan meira tímalaus.

Unnið verði rafrænt að tillögnum til bæjarráðs og stefnt að því að þær verði lagðar fyrir ráðið 5. maí. Berglind tekur fyrstu umferð á drögnum og skiptir svo áfram verkum á hópinn. Guðlaug undirbýr málið fyrir bæjarráð.

Fundi slitið kl. 18:15.